

**160. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fjarfundi,  
16. september 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2009128 - Reglur Akraneskaupstaðar um íþrótt- og tómsundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.**

Félagmálaráðuneytið úthlutar út árið 2021, samkvæmt tímabundinni fjárheimild í fjárlögum fyrir árið 2021 og lögum nr. 158/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins, sérstökum íþrótt- og tómsundastyrkja til barna frá tekjulágum heimilum til að auka jöfnuð til íþrótt- og tómsundastarfs.

Styrkir þessir eru veittir af sveitarfélaginu á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Fyrir 31. desember 2021 skal greiða íþrótt- og tómsundastyrk með börnum fæddum á árunum 2006 til 2015 sem eru með lögheimili á tekjulágum heimilum. Með tekjulágum heimilum er átt við heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 787.200 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júní 2021. Styrk skal greiða vegna útlagðs kostnaðar við íþrótt- og tómsundastarf á haustönn 2021, allt að 25.000 kr. fyrir hvert barn.

Sveitarfélög setja reglur um framkvæmdina. Akraneskaupstaður hefur sett sér reglur í samræmi við leiðbeiningar Sambands íslenskra sveitarfélaga um úthlutun styrksins. Lögð er fram breyting á núverandi reglum í samræmi við fyrirliggjandi breytingar á fyrirkomulið á úthlutun styrksins haustið 2021.

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrirliggjandi drög að Reglur Akraneskaupstaðar um íþrótt- og tómsundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum. Velferðar- og mannréttindaráð vísar reglunum til staðfestingar í bæjarráði.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:15.**